

Umhverfisstofnun,
Svava Pétursdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 02. maí 2016
2016040012/42-0
TB
jgo/tb

Siglingar með ferðamenn á Mývatni

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 8. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Helga Héðinssonar um leyfi til að bjóða ferðamönnum upp á náttúruskoðunarferðir á báti um Mývatn. Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir álitni stofnunarinnar á því hvort fyrirhugaðar siglingar séu líklegar til að hafa neikvæð áhrif á lífríki og vatnasvið Mývatns.

Umsögn

Á undanförunum árum hafa annað slagið komið upp hugmyndir um að bjóða ferðamönnum upp á siglingar á Mývatni. Árið 2012 tók forstöðumaður Náttúruvísunastöðvarinnar við Mývatn, RAMÝ, Árni Einarsson saman greinargerð, sjá meðfylgjandi, sem send var Umhverfisstofnun sama ár. Í greinargerðinni eru rakin bæði líkleg áhrif á fuglalíf og bent á heimildir um truflun á vatnafuglum og um dreifingu fugla á Mývatni. Einnig er bent á beinar athuganir á viðbragði fugla við umferð báta. Í greinargerðinni lýsir höfundur hennar hvernig ferðir báta fæla almennt bæði andfugla og t.d. flórgoða en að viðbrögð fuglanna séu ólík bæði eftir árstíma, t.d. á varptíma, og aðstæðum. Í greinargerðinni kemur einnig fram að gera þurfi betri kannanir á áhrifum siglinga á fuglalíf og að ekki endilega sé hægt að yfirfæra erlendar rannsóknir á aðstæður við Mývatn. Náttúrufræðistofnun vill í þessu sambandi benda á 9. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem segir: *Efhætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.* Hér skal ekki fullyrt hve alvarleg áhrif siglinga á vatninu geta orðið, en þær eru að öllum líkindum afturkræfar yrðu þær leyfðar. Það er hins vegar engin ástæða til að taka áhættu og leyfa siglingar upp á von og óvon þegar gögn benda til þess að þær valdi truflun á fuglalífi á viðkvæmu tímasteiði í lífsferli fuglanna. Á það ber að líta að vistkerfi Mývatns hefur verið undir miklu álagi síðustu ár og er enn. Kúluskítur er horfinn, silungsveiði nánast horfin og viðkomubrestur hjá fuglum tíður. Að leyfa affreyngarsiglingar fyrir ferðamenn um vatnið undir þessum kringumstæðum er því að öllum líkindum eingöngu viðbótarálag á vistkerfi Mývatns, sérstaklega á vatnafugla.



Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í meðfylgjandi greinargerð forstöðumanns RAMÝ og getur ekki mælt með því að gefin verði út leyfi til siglinga fyrir ferðamenn á Mývatni. Stofnunin telur að útgáfa leyfis til siglinga á vatninu sé ekki í samræmi við megin sjónarmið um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og virka náttúruvernd í lögum um vernd Mývatns og Laxár þar sem að leyfið væri líklegt til að hafa neikvæð áhrif á lífríki vatnsins og að þar með væri grundvöllur fyrir félagslegum ávinningi einnig brostinn. Náttúrufræðistofnun telur að ástæða sé til að rannsaka betur áhrif siglinga á lífríki Mývatns en telur engu að síður að gögn bendi til neikvæðra áhrifa af siglingum sérstaklega ef um er ræða stöðugt áreiti og truflun. Stofnunin telur ekki að siglingar á vatninu séu líklegar til að hafa áhrif á vatnasvið Mývatns og Laxár sem slíkt þó sé alltaf hættu á mengunarslysum sem geta valdið tímabundnum skaða. Skaða þarf einnig að leyfi til eins aðila til siglinga getur verið fordæmisgefandi.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Umsögn RAMÝ dags. 18. maí 2012





Náttúrurannsóknastöðin
við Mývatn

Skútustaðir, IS-660 Mývatn, s. 4644281, amie@hi.is

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
105 Reykjavík

Mývatnssveit, 18. maí 2012

Efni: Umsögn um áhrif bátasiglinga á fugla á Mývatni

Í tölvupósti hinn 8.maí síðastliðinn óskaði Umhverfisstofnun eftir álitni Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn á tilraunasiglingum með ferðamenn á Mývatni.

Umhverfisstofnun óskaði einnig eftir upplýsingum um:

1. Hvort þekking á varpi og nýtingu fugla á fyrirhuguðu siglingarsvæði sé það góð að hægt sé að nota þær til að meta hvort umræddar siglingar hafi markverð áhrif á fugla svæðisins ef þær yrðu leyfðar.
2. Ef þekkingin er ekki til staðar óskar stofnunin eftir upplýsingum um hvaða rannsóknir þyrfti að fara í og yfir hve langt tímabil þær þyrftu að vara til að geta sagt fyrir um það með markverðum hætti hvort siglingarnar hafi áhrif á varp og nýtingu fugla á fyrirhuguðu siglingarsvæði.

Svar Náttúrurannsóknastöðvarinnar fer hér á eftir.

A. Stóra myndin

A 1. Til eru nokkrar athuganir á viðbrögðum vatnafugla við bátasiglingum á Mývatni (sjá viðhengi við bréf þetta). Þær sýna, að bátar fæla kafendur og flórgoða í um 1,5 km fjarlægð (radíus) en álfir og rauðhöfðaendur í um 700 m fjarlægð.

A 2. Reynsla okkar af fuglatalningum ofan af háum útsýnisstöðum tvisvar á ári í 40 ár, þar sem stöðugt þarf að gæta að því að bátar trúfli ekki talninguna, bendir til þess að ofangreindar mælingar séu nærri lagi.

A 3. Á meðfylgjandi myndum nr. 1 og 2 eru þessar vegalengdir settar í samhengi við stærð Mývatns.

D 6. Andavarp var kortlagt árin 1977-78, húsandarvarp sérstaklega 1981-83 og flórgoðavarp síðast árið 1998. Þessi gögn duga ekki nema að takmörkuðu leyti til að meta áhrif siglinga og þyrfti nýja úttekt, og helst yfir fleiri vor til að fá fram marktæk gögn.

D 6. Rannsóknir hafa verið gerðar erlendis á áhrifum bátaumferðar á fuglalíf. Listi yfir þær er birtur hér að neðan til hliðsjónar, en fara þarf varlega við að yfirfæra þær á Mývatn vegna ólíkra aðstæðna.


Að lokum.

Við ákvörðun um lystisiglingar á Mývatni þarf að hafa í huga að slíkar siglingar eru viðbótarálag á vistkerfi sem þegar er undir álagi. Kúluskítur er að hverfa, líklega vegna minnkandi birtu, silungsveiði nánast að engu orðin og viðkomubrestur hjá fuglum er tíður, svo að dæmi séu tekin.


Vegna almenns eðlis málsins tekur Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn ekki afstöðu til þeirrar sérstöku útfærslu á siglingum sem birtist í umsókn er liggur að baki beiðni Umhverfisstofnunar. Fæling fugla er ekki mjög háð einstökum útfærslum, og ef einn aðili hefur siglingar mun verða mikill þrýstingur frá öðrum að gera hið sama annars staðar á vatninu. Stöðin er reiðubúin að meta málið á nýjan leik fari svo að túristasiglingar á Mývatni verði leyfðar.

Með vinsemd og virðingu

Árni Einarsson, forstöðumaður



2. mynd. Bátur siglir sunnan við Sviðinsey eins og granna örin sýnir. Fuglar á hvíta svæðinu færa sig undan honum. Lögun þess ræðst af því að báturinn kemur snögglega í auglýn fram undan eyinni. Gera má ráð fyrir álíka stóru truflunarsvæði vestan megin við bátinn. Byggt á athugun 15. ágúst 1995.



4. mynd. Dæmi um skiptingu Mývatns í talningarsvæði.




Fig. 5. Major brood rearing areas of *M. serrator* in Mývatn. Indications as in Fig. 3.

6. mynd. Helstu uppeldissvæði toppandarunga skv. Bengtson (1971).



Fig. 3. Major brood rearing areas of *B. islandica* in Mývatn.

7. mynd. Helstu uppeldissvæði húsandarunga skv. Bengtson (1971).




Figure 26. Distribution of wigeon *Anas penelope* feeding on the North Basin of Lake Myvatn in August 1993. The extent of the mining area is indicated by darker shading. The diatomite mining operation permanently removes stands of *Potamogeton filiformis* from the lake bottom. No data left of dotted line. (From Einarsson 1993.)

9. mynd. Dæmi um staðsetningar rauðhöfðaanda, sem voru að éta á Ytriflóa í ágúst 1993. Skyggða svæðið er námusvæði Kísiliðjunnar (Árni Einarsson 1993).

Árni Einarsson 2000. Flórgoðavarpið í Mývatnssveit. Bliki 20: 1-10.

Árni Einarsson og Margrét Lilja Magnúsdóttir 1991. Dreifing fugla á Ytriflóa. Rannsóknastöð við Mývatn, skýrsla 9. Unnið fyrir Sérfræðinganefnd Mývatnssvæðisráðs.

Árni Einarsson og Margrét Lilja Magnúsdóttir 1993. The effect of sediment dredging on the distribution of diving ducks at Lake Mývatn, Iceland. *Biological Conservation* 66: 55-60.

Árni Einarsson og Jón Einar Jónsson 1998. Dreifing fugla á Ytriflóa Mývatns árin 1995-96. Náttúruvísindisráðgjafi við Mývatn, fjölrít 3. 39 bls.

Árni Einarsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2004. Vatnafuglar á Ytriflóa Mývatns. Viðauki 3 í Kísilgúrvinnsla úr Ytriflóa Mývatns. Mat á umhverfisáhrifum. Fjölrítuð skýrsla. Hönnun hf.

Árni Einarsson og Arnþór Garðarsson 2004. Moulting diving ducks and their food supply. *Aquatic Ecology* 38: 297-307.

Árni Einarsson, Gerður Stefánsdóttir, Helgi Jóhannesson, Jón S. Ólafsson, Gísli Már Gíslason, Isamu Wakana, Guðni Guðbergsson og Arnþór Garðarsson 2004. The ecology of Lake Myvatn and the River Laxá: variation in space and time. *Aquatic Ecology* 38: 317-348.

Arnþór Garðarsson, Árni Einarsson og Sverrir Thorstensen 2002. Long-term trends in the number of Whooper Swans molting at Lake Myvatn, Iceland, 1974-2000. *Waterbirds* 25 (Special Publication 1): 49-52.

Arnþór Garðarsson, Árni Einarsson og Sverrir Thorstensen 2004. Langtímabreytingar á fjölda álfta í felli á Mývatni 1974-2000. Viðauki 5 í Kísilgúrvinnsla úr Ytriflóa Mývatns. Mat á umhverfisáhrifum. Fjölrítuð skýrsla. Hönnun hf.

Bengtson, S.-A. 1971. Habitat selection of duck broods in Lake Mývatn area, North-East Iceland. *Ornis Scand.* 2: 17-26.

Margrét Lilja Magnúsdóttir 1990. Dreifing duggandar og skúfandar á Mývatni. Háskóli Íslands, 30 eininga 4. árs ritgerð við líffræðiskor.

27. júlí 1995

Prammi sem var að leggja ljósleiðara kemur siglandi norður fyrir Dauðanes. Allar endur sunnan við Hrauney, og álfir þar syna með teygða hálsa. Fjarlægð milli Dauðaness og Hrauneyjar er um **1,5 km**. Athugun gerð úr Syðri Höfða.

29. júlí 1995

Hraðbátur Kísiliðjunnar kemur út úr Helgavogi. Duggendur og skúfendur í **1,26 km** fjarlægð (í át að Hrauney) færa sig, þó ekki ofsahræddar. Athugun gerð með hornamæli úr Syðri Höfða (14,59 m yfir vatni, lárétt viðmið, Reykjahlíðarkirkja 161,4 ngr). Staðsetning fugla: 74,8/0,900.

13. ágúst 1995

Haganesbátur fer á Bekraflóa. Þegar hann kemur til baka og fer framhjá Kálfshólma hnika endurnar sér sem eru í vari norðan undir Sviðinsey, vestan eyrarinnar (þá sjá þær bátinn koma fram undan Sviðinsey. Fjarlægð milli báts og fugla er þá **1,7 km**.

13. ágúst 1995

Belgjarbátur kemur siglandi við Langanes. Fuglar við norðurenda Sviðinseyjar fælast. Fjarlægð milli báts og fugla er um **1,5 km**.

15. ágúst 1995

Bátur frá Belg siglir milli Sviðinseyjar og Bekra og stefnir á Dritey. Fuglar í línu Sviðinsey-Húshóll (Hrútey) syna undan, en ekki fuglar norðan þeirrar línu. Athugun gerð úr Sviðinsey (sjá kort).

18. ágúst 1995

Zódiak slöngubátur með þrjá innanborðs siglir vestur um sundið milli Hrúteyjar og Mikleyjar. Fuglar þar fælast mjög mikið.

Tekið saman í maí 2012